

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Breyting á deiliskipulagi lóðar fyrir gistiheimili í landi Brattholts.

Í breytingunni felst að lega byggingarreits fyrir gistiheimili breytist en stærð hans verður óbreytt. Á reitnum hefur þegar verið byggt um 530 m² gistiheimili og gert er ráð fyrir að það geti stækkað í áföngum um 1.500 m² og verið allt að 2.100 m² fullbyggt. Mænishæð hússins má vera 9 m frá jörðu og þakhalli má vera á bilinu 0-45 gráður.

Samþykkt í sveitarstjórn 6. september 2012.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 8. nóvember 2012.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 22. nóvember 2012